GJALDSKRÁ

vegna geislavarnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir árið 1985.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1985, sem Hollustuvernd ríkisins innheimtir og falla í gjalddaga 1. febrúar 1985 með eindaga 31. mars 1985, verða sem hér segir:

	Kr.
1. **Röntgenskoðunartæki** (diagnostik)	
a. Föst tæki — myndataka	3 030,00
b. Föst tæki — skyggning	4 040,00
c. Aukalampar	910,00
d. Móbíltæki	2 495,00
e. Tannröntgentæki	2 495,00
2. **Röntgenlækningatæki** (terapi)	
Geislalækningatæki	6 750,00
3. **Röntgentæki í iðnaði**	
Iðnaðartæki	3 030,00
4. **Geislavirk efni**	
Fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð	2 495,00
5. **Önnur tæki**	
Nifteindatæki	7 000,00
Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1—4	2 495,00
6. **Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.**	
a. Filmumælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	610,00
b. TLD mælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	1 220,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í lögum nr. 85/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum sbr. lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.